

Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
sent á netf. nefndasvid@althingi.is

Skaftárhreppi, 14. febrúar 2024

Varðar: 34. mál; frumvarp til laga um um breytingu á ýmsum lögum til styrkingar á réttarúrræðum vegna umhverfismála og réttinum til heilnæms umhverfis.

Stjórn Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi hefur farið yfir framangreint þingskjal, er varðar styrkingu íslenskra laga m.t.t. ákvæða Árórsarsamningsins. Eldvötn fagna frumvarpinu af heilum hug og þakka flutningsmönnum þess fyrir frumkvæðið, sem og skýra greinargerð. Samtökin styðja frumvarpið af heilum hug.

Að öðru ólöstuðu fagna Eldvötn sérstaklega þeim þætti er snýr að styrkingu réttarúrræða frjálsra félagasamtaka vegna umhverfismála, en þeim hefur að mati samtakanna verið óheppilega ábótavant.

Að þessu sögðu hvetur stjórn Eldvatna Alþingismenn til að samþykkja umrætt frumvarp.

F.h. Eldvatna – samtaka um náttúruvernd í Skaftárhreppi

Ingibjörg Eiríksdóttir
formaður